

**Tillaga til þingsályktunar**  
**um framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022 – 2025.**

Frá forsætisráherra.

**Alþingi ályktar, að samþykkja eftirfarandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022 – 2025.**

**1. Framkvæmdasjóður hinsegin málefna**

Varið verði 40 millj. kr. samtals af fjárlögum til verkefna sem styðja við málefni hinsegin fólks á vegum ráðuneyta á tímabilinu 2022–2025. Verkefnin verði samstarfsverkefni ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, ráðuneyta og ríkisstofnana eða háskólasamfélagsins þar sem tilgangurinn er að nýta niðurstöður, reynslu og þekkingu á sviði málefna hinsegin fólks eða innleiða tillögur á grunni verkefna í framkvæmdaáætlun. Forsætisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum frá ráðuneytum og úthlutar 10 millj. kr. árlega á tímabilinu að undangengnu faglegu mati skrifstofu jafnréttismála. Reglur sjóðsins og umsóknareyðublöð verði kynnt ráðuneytum fyrir 1. sept. 2022.

Tímaáætlun: 2022–2025.

Kostnaðaráætlun: 40 millj. kr.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti.

**2. Staða Íslands á Regnbogakorti ILGA Europe**

Unnið verði að því að koma Íslandi í eitt af efstu sætum á regnbogakorti ILGA Europe. ILGA Europe, regnhlífasamtök hinsegin félagasamtaka í Evrópu gera árlega úttekt á lagalegri stöðu hinsegin fólks í álfunni. Niðurstöður eru birtar á svokölluðu Regnbogakorti. Ísland er nú í 14. sæti á listanum og hefur þokast upp listann undanfarin ár. Markmiðið er að koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks.

Tímaáætlun: 2022–2025.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti.

**3. Kortlagning á stöðu og réttindum hinsegin fólks á Íslandi**

Gerð verði rannsókn á stöðu og réttindum hinsegin fólks á Íslandi. Meðal annars verði horft til löggjafar og stefnumótunar stjórnvalda, stöðu hinsegin barna og ungmenna í skólum, stöðu á vinnumarkaði, stöðu eldri borgara innan hinsegin samfélagsins, aðgengi að félagslegri þjónustu og þjónustu heilbrigðiskerfisins og almennt til félagslegrar stöðu og réttinda. Leitað verði eftir samstarfi við Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum (RIKK) við framkvæmd rannsóknarinnar.

Markmið verkefnisins er að kortleggja stöðu og réttindi hinsegin fólks á Íslandi sem nýta má til að útfæra frekari aðgerðir til hagsbóta fyrir hinsegin fólk í samfélaginu.

Tímaáætlun: 2022 – 2024.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: 5 milljónir.

#### **4. Fræðsla til stjórnenda ríkisins um hinsegin málefni**

Mikilvægt er að stjórnendur ríkisins þekki vel til hinsegin málefna í tengslum við mannauðsmál ríkisins. Staða tiltekinna hópa innan hinsegin samfélagsins er viðkvæm og er brýnt að bjóða stjórnendum upp á fræðslu um hinsegin málefni. Markmið verkefnisins er að efla fræðslu meðal stjórnenda ríkisins í samstarfi við hagsmunasamtök hinsegin fólks þannig að stjórnendur þekki til málefna og stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði.

Tímaáætlun: 2023 – 2024.

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

#### **5. Fræðsla um hinsegin málefni fyrir lögreglu**

Unnið verði fræðsluefni fyrir lögreglu um hinsegin málefni með það fyrir augum að tryggja betri þekkingu innan lögreglunnar á málaflokknum. Hinsegin fólk verður fyrir beinum og óbeinum fordómum og mismunun í samfélaginu og undanfarin misseri hefur athyglin t.a.m. beinst að hatursorðræðu gegn hinsegin fólki. Mikilvægt er að lögreglan þekki vel til stöðu hópsins til að geta tekist á við verkefni sem tengjast hinsegin fólki án mismununar og fordóma. Markmið aðgerðarinnar er að til verði fræðsluefni um hinsegin fólk, málefni og stöðu þeirra sem verður komið með skipulegum hætti til lögregluembættu landsins.

Tímaáætlun: 2023-2024.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti í samvinnu við Ríkislögreglustjóra.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

#### **6. Hinsegin börn og ungmenni í íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsstarfi**

Unnið verði fræðsluefni um stöðu hinsegin barna og ungmenna í íþróttum, tómsunda- og æskulýðsstarfi, auk þess sem útbúnar verði leiðbeiningareglur fyrir þá sem bera ábyrgð á slíku starfi fyrir börn og ungmenni. Í skipulögðu íþróttá-, tómsunda og æskulýðsstarfi þarf að taka mið af þörfum ólíkra hópa. Aðilar sem bera ábyrgð á starfseminni þurfa að setja sér jafnréttisstefnu sem tekur til þátttöku og aðgengis hinsegin barna og ungmenna að íþróttum, tómsunda- og æskulýðsstarfi.

Markmiðið er að tryggja þátttöku og aðgengi hinsegin barna og ungmenna að íþróttá-, tómsunda og æskulýðsstarfi.

Tímaáætlun: 2022 – 2023.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

## 7. Líðan hinsegin barna og ungmenna í skólum.

Gerð verði úttekt á líðan hinsegin barna í skólakerfinu og unnar tillögur um úrbætur á grundvelli niðurstaðna. Huga þarf sérstaklega að líðan og stöðu hinsegin barna og ungmenna í leik-, grunn og framhaldsskólum landsins en rannsóknir hérlendis líkt og erlendis hafa leitt í ljós að um viðkvæman hóp er að ræða, sem getur verið útsettur fyrir áreitni og ofbeldi. Markmið aðgerðarinnar er að rannsaka líðan og stöðu hinsegin barna og ungmenna.

Tímaáætlun: 2024 - 2025

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

## 8. Hinsegin fólk og heimilisofbeldi

Gerð verði rannsókn á heimilisofbeldi í hinsegin samböndum og fjölskyldum. Lítil þekking er á heimilisofbeldi í hinsegin samböndum og fjölskyldum á Íslandi og er mikilvægt að bæta þekkingu í málaflokknum til að takast á við vandann og vinna að úrbótum. Markmið aðgerðarinnar er að skapa þekkingu á heimilisofbeldi meðal hinsegin fólks á Íslandi og vinna gegn því.

Tímaáætlun: 2023-2024.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

## 9. Hatursorðræða og hatursglæpir- lagabreytingar

Breytingar verði gerðar á 233. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þannig að hatursorðræða á grundvelli kyneinkenna verði gerð refsiverð. Lagaákvæðið tekur nú einungis til hatursorðræðu á grundvelli þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar og kynvitundar. Með breytingunni er fólki með ódæmigerð kyneinkenni tryggð sama vernd og öðrum viðkvæmum hópum. Samhliða verði gert refsivert að neita einstaklingi um vörur eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli kyneinkenna. Jafnframt verði gerð breyting á 70. grein sömu laga um refsihæð þannig að það leiði til refsilyngingar ef brot telst hatursglæpur, þ.e. ef það má rekja til tilgreindra atriða er varða brotþola. Við ákvörðun refsingar verði litið til þess hvort brotið megi rekja til þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigðar, kynvitundar eða annarra sambærilegra þátta.

Markmið aðgerðarinnar er endurskoðun lagaákvæða almennra hegningarlaga um hatursorðræðu og hatursglæpi.

Tímaáætlun: 2022-2023.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

## 10. Breytingar á reglugerðum um hollustuhætti

Gerðar verði breytingar á reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Markmið aðgerðarinnar er að tryggja að tekið sé tilliti til trans fólks og þar á meðal fólks með hlutlausu kynskráningu í ákvæðum sem snúa að aðgengi að salernum og annarri aðstöðu.

Tímaáætlun: 2022-2023.

Ábyrgð: Umhverfis-orku og loftslagsráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

## 11. Aðgengi trans fólks; Vinnustaðir, sundsstaðir, íþróttamannvirki

Skipaður verði starfshópur undir forystu forsætisráðuneytis til að vinna að heildarúttekt á aðgengismálum fyrir trans fólk út frá gildandi reglum og stöðu málaflokksins almennt. Mismunandi reglur gilda um aðgengi að salernum eftir því hvort um vinnustaði eða almenningsrými er að ræða og óljósar reglur gilda um rétt fólks með hlutlausu kynskráningu þegar kemur að aðgengi að salernum, sundstöðum og íþróttamannvirkjum. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum frá félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneyti, umhverfis, -orku og loftslagsráðuneyti og innviðaráðuneyti. Markmið aðgerðarinnar er að skýra og samræma reglur um aðgengi trans fólks á vinnustöðum og í almenningsrymum, s.s. í sundlaugum og öðrum íþróttamannvirkjum

Tímaáætlun: 2024-2025.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

## 12. Útfærsla söfnunar og skráningar kyngreindrar tölfræði hjá sveitarfélögum

Eyðublöð, skráningarform og skilríki, þar sem kynskráningar er krafist verði samræmd þannig að gefinn sé kostur á hlutlausri kynskráningu auk karlkyns og kvenkyns. Markmið aðgerðarinnar er að til verði verklagsreglur um söfnun og skráningu kyngreindra tölfræðiupplýsinga.

Tímaáætlun: 2022-2023.

Ábyrgð: Innviðaráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

## 13. Fræðsla um hinsegin málefni til kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaga

Boðið verði upp á fræðslu um hinsegin málefni til allra kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaga. Markmið aðgerðarinnar er að auka þekkingu meðal kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaga um réttindi og félagslega stöðu hinsegin fólks.

Tímaáætlun: 2024-2025.

Ábyrgð: Innviðaráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

## 14. Fjölbreytileiki á vinnumarkaði

Gerð verði könnun á viðhorfi og þekkingu atvinnurekenda á stöðu og aðgengi hinsegin fólks að vinnumarkaði. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að hinsegin fólki mæta ýmsar hindranir þegar kemur að aðgengi að vinnumarkaði og að t.a.m. trans fólk sé útsett fyrir mismunun á vinnumarkaði. Markmið aðgerðarinnar er að vekja athygli á stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði og mikilvægi fjölbreytileika á vinnustöðum.

Tímaáætlun: 2024-2025.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

## **15. Hinsegin sjávarútvegur og landbúnaður**

Gerð verði könnun á viðhorfi og stöðu hinsegin fólks innan sjávarútvegs og landbúnaðar. Markmið aðgerðarinnar er að vekja athygli á stöðu hinsegin fólks í sjávarútvegi og landbúnaði og mikilvægi fjölbreytileika í öllum atvinnugreinum.

Tímaáætlun: 2024-2025.

Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

## **16. Verklagsreglur trans teyma BUGL og LSH**

Í lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði er mælt fyrir um stofnun teyma sem eiga að þjónusta trans fólk. Mikilvægt er að tryggja viðeigandi og fordómalaus heilbrigðisþjónustu fyrir trans fólk og þannig þurfa trans teymi BUGL og LSH að setja sér verklagsreglur í samræmi við viðurkenndar vinnureglur á alþjóðavettvangi. Markmiðið með aðgerðinni er að settar verði verklagsreglur sem byggja á nýjustu rannsóknum í málaflokknum.

Tímaáætlun: 2022 – 2023.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

## **17. Utanríkisstefna með áherslu á réttindi hinsegin fólks**

Utanríkisráðuneyti nýti öll tækifæri til að hafa jákvæð áhrif á stöðu hinsegin fólks í löndum sem þau eiga í samskiptum við og beiti sér sérstaklega fyrir bættri stöðu hinsegin fólks á alþjóðavettvangi. Ísland stendur framarlega þegar kemur að réttindum og félagslegri stöðu hinsegin fólks og stjórnvöld geta nýtt þá stöðu og reynslu til að hafa áhrif á stöðu og réttindi hinsegin fólks annars staðar í heiminum. Markmið aðgerðarinnar er að stjórnvöld leggi sérstaka áherslu á réttindi hinsegin fólks í utanríkisstefnu Íslands.

Tímaáætlun: 2022 – 2025

Ábyrgð: Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

## GREINARGERÐ

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um fyrstu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum hinsegin fólks. Framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks er ætlað að skilgreina stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og lýsa tilteknum verkefnum sem ýmist er ætlað að varpa ljósi á stöðu hinsegin fólks í samfélaginu eða fela í sér beinar aðgerðir. Framsetning þingsályktunartillögunnar byggir á svipuðum grunni og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum en slíkar áætlanir hafa verið lagðar fram á Alþingi með afmarkaðan gildistíma, oftast til fjögurra ára í senn. Sú nýjasta í málaflokki jafnréttismála var samþykkt á Alþingi í árslok 2019 með gildistíma 2020 – 2023. Gert er ráð fyrir að gildistími fyrstu framkvæmdaáætlunar í málefnum hinsegin fólks taki til tímabilsins 2022 – 2025.

Jafnframt er stefnt að því að útbúa mælaborð þar sem staða aðgerða verði birt á myndrænan hátt með fyrirmynd í mælaborði framkvæmdaáætlunar um jafnréttismál og öðrum mælaborðum sem forsætisráðuneytið hefur haft forystu um að kynna á undanförunum árum. Með mælaborðinu verður staða aðgerða aðgengileg og skýr og mælaborðið auðveldar eftirfylgni.

Engin heildstæð löggjöf gildir um málefni hinsegin fólks en í nýjum jafnréttislögum nr. 150/2020 er tekið mið af þeim veruleika að hlutlaus kynskráning er nú heimiluð sbr. lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði. Heiti jafnréttislaganna var því breytt og vísa þau ekki lengur eingöngu til karla og kvenna en nefnast nú: *Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna*. Öll ákvæði laganna eiga því einnig við um fólk með hlutlausu skráningu kyns. Fól breytingin í sér réttarbót fyrir þann hluta trans fólks sem skilgreinir sig utan kynjatvíhyggju.

Með lögum um kynrænt sjálfræði var komið til móts við ný og breytt viðhorf til opinberrar skráningar kyns og stuðlað að réttarbótum trans fólks og intersex einstaklinga. Einstaklingum 15 ára og eldri er nú heimilt að skilgreina kyn sitt á eigin forsendum og ráða skráningu þess. Í lögnum er staðfestur réttur einstaklinga til að breyta kynskráningu sinni í samræmi við eigin upplifun og án þess að þurfa að sæta skilyrðum um sjúkdómsgreiningu og læknismeðferð eða uppfylla kröfur um atferlisþjálfun. Með þessu er sjálfsákvörðunarréttur einstaklingsins virtur þar sem eigin skilningur á kynvitund er lagður til grundvallar ákvarðanatöku varðandi opinbera skráningu.

Með breytingum á lögnum árið 2019 var réttur barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni til líkamlegrar friðhelgi styrktur og er nú óheimilt að framkvæma ónauðsynlegar breytingar á kyneinkennum barna án upplýsts samþykkis.

Með breytingum á barnalögum sem tóku gildi 8. júní 2021 var bætt við ákvæðum sem mæla fyrir um foreldrastöðu trans fólks og fólks með hlutlausu kynskráningu. Breytingin veitir þeim sem eru skráðir í hjúskap stöðu foreldris þeirra barna sem eru alin í þeim hjúskap. Einnig leiðir breytingin til þess að foreldrar, óháð kynsamsetningu standa jafnfætis þegar kemur að barneignum og foreldrastöðu, þar með taldir þeir einstaklingar sem hafa hlutlausu kynskráningu.

Með lögum nr. 153/2020 var jafnframt gerð breyting á öðrum lögum sem leiða af lögum um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019. Breytingarnir voru nauðsynlegar til að tryggja réttindi trans fólks og intersex fólks. Annars vegar var um að ræða breytingar sem voru nauðsynlegar þar sem hlutlausu kynskráning er heimil og í lagaákvæðum sem gera ráð fyrir kyngreiningu er nú gert ráð fyrir einstaklingum með

hlutlausa kynskráningu. Hins vegar var nauðsynlegt að gera breytingar á ýmsum lögum til að tryggja foreldrastöðu trans fólks og þar með fólks með hlutlausa kynskráningu.

Á 152. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna þar sem mismununarástæðum er fjölgað og bætt inn mismununarþáttunum trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu. Viðbótin er meðal annars til þess fallin að auka og bæta réttindi og stöðu hinsegin fólks í samfélaginu.

Margt er enn óunnið og við gerð framkvæmdaáætlunar í málefnum hinsegin fólks var meðal annars horft til ábendinga ILGA Europe, regnhlífasmata hinseginhreyfinga í Evrópu. ILGA Europe gerir árlega úttekt á lagalegri stöðu hinsegin fólks í Evrópu og t.a.m. er skoðað hvort stjórnvöld hafi tiltækar aðgerðaáætlanir gegn mismunun, hatursorðræðu og ofbeldi gagnvart hinsegin fólki og könnuð staða hinsegin fólks við stofnun hjúskapar og barneignir svo fátt eitt sé nefnt. Regnbogakortið veitir yfirsýn yfir það sem vel er gert en einnig þá þætti sem betur mega fara í íslensku samfélagi. Ísland hefur þokast upp á við á lista ILGA Europe og er nú í 14. sæti listans en var í 19. sæti árið 2019. Frá síðustu úttekt ILGA hafa orðið nokkrar réttarbætur sem ættu að þoka Íslandi upp listann við næstu úttekt. Má þar nefna viðurkenningu á foreldrastöðu trans fólks og umboð Jafnréttisstofu til eftirlits með lögum sem varða hinsegin fólk sbr. 4. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020.

Stefnumótun og framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks er meðal þeirra atriða sem ILGA Europe leggur áherslu á og lönd fá stig fyrir á Regnbogakortinu.

Í sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs frá nóvember 2021 er fjallað um efnahagslegar og félagslegar framfarir, jafnrétti kynjanna og málefni hinsegin fólks. Um málefni hinsegin fólks segir í sáttmálanum: „Ríkisstjórnin mun halda áfram því verki sem hafið var á fyrra kjörtímabili og koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks með sérstakri aðgerðaáætlun og réttarbótum“. Sú framkvæmdaáætlun sem hér lítur dagsins ljós er samkvæmt sáttmálanum forgangsatríði hjá ríkisstjórninni og þær aðgerðir og verkefni sem hér er mælt fyrir um munu stuðla að réttarbótum og bættri stöðu hinsegin fólks.

Hinsegin samfélagið á Íslandi er lítið og að mörgu leyti viðkvæmt. Hinsegin fólk á skilið virðingu og þarf á vernd og auknum réttindum að halda. Barátta hinsegin fólks, rétt eins og önnur jafnréttisbarátta, er í stöðugri þróun og lýkur seint eða aldrei. Samhliða breytingum og þróun á hinsegin samfélaginu sem og samfélaginu öllu þarf að breyta og bæta löggjöf sem snertir málaflokkinn og tryggja aðgengi hinsegin fólks að þjónustu opinberra stofnana. Þrátt fyrir að ýmsar lagabreytingar hafi tekið gildi og hinsegin fólk hlotið ákveðin réttindi er ekki þar með sagt að allri mismunun hafi verið útrýmt.

Með samþykkt fyrstu framkvæmdaáætlunar í málefnum hinsegin fólks setur Ísland mannréttindi hópsins í forgrunn, auk þess sem samfélagið allt mun njóta góðs af.

Þær aðgerðir sem gerð er tillaga um í framkvæmdaáætluninni eru margvíslegar og snerta sumar mörg svið og þ. a. l. fleira en eitt ráðuneyti, sem og undirstofnanir ráðuneyta og aðrar stofnanir, sveitastjórnir, félagasamtök og hagsmunaaðila.

Framkvæmdaáætlun þessi er sú fyrsta sem snýr eingöngu að málefnum hinsegin fólks. Þar sem það er mikilvægt að auka þekkingu og búa til farveg fyrir málefnalega umræðu um stöðu og réttindi hinsegin fólks er lögð áhersla á fræðslutengd verkefni og vitundarvakningu um málefni hinsegin fólks. Í gildi er samstarfssamningur milli Samtakanna 78 og forsætisráðuneytis um fræðslu þeirra fyrrnefndu til fagaðila og starfsmanna í stjórnslu. Að því marki sem fræðsluverkefni í framkvæmdaáætlun þessari rúmast innan samstarfssamningsins mun forsætisráðuneytið standa straum af kostnaði sem af þeim hlýst.

Nokkrar aðgerðir gera ráð fyrir starfshópum og áframhaldandi vinnu á útfærslu þeirra, aðrar gera ráð fyrir lagabreytingum og enn aðrar rannsóknnum, gerð skýrslna og stefnumótun. Allar miða aðgerðirnar að því að bæta stöðu og réttindi hinsegin fólks til hagsbóta fyrir samfélagið allt.

Við gerð framkvæmdaáætlunarinnar var haft samráð við hagsmunasamtök hinsegin fólks. Einstaka aðgerðir voru unnar í samráði við fagráðuneyti þar sem jafnréttisfulltrúar Stjórnarráðsins komu að gerð og vinnu við útfærslu einstakra tillagna.

*Framkvæmdasjóður hinsegin málefna* verður starfræktur í forsætisráðuneytinu. Markmið sjóðsins er að efla starf stjórnvalda með úthlutun til verkefna ráðuneyta í Stjórnarráðinu sem tengjast hinsegin málefnum. Settar verða reglur um úthlutun úr sjóðnum og þær kynntar ráðuneytum fyrir 1. september 2022. Fyrirmynd að sjóðnum er sótt til framkvæmdasjóðs jafnréttismála og mun sjóðurinn geta stutt við verkefni og eftirfylgni við verkefni úr þingsályktun um framkvæmdaáætlun í hinsegin málefnum þannig að nýta megi niðurstöður, reynslu og þekkingu sem fæst með verkefnum.

Stjórnvöld leggja áherslu á að koma Íslandi í eitt af efstu sætum Regnbogakorts ILGA Europe og er ljóst að margar af þeim aðgerðum sem framkvæmdaáætlun þessi kveður á um, munu bæta stöðu landsins á kortinu. Staða Íslands á Regnbogakortinu er því sett fram sem sérstök aðgerð í framkvæmdaáætluninni og er aðgerðinni ætlað að tryggja eftirfylgni og skilvirka framkvæmd aðgerða. Málefni hinsegin fólks hafa fengið meira vægi á síðustu árum og ný lög hafa verið sett til verndar réttindum og stöðu þess hóps. Nýlega var starf og hlutverk norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál útvíkkað þannig að það nær nú einnig til málefna hinsegin fólks. Ný löggjöf á Íslandi um kynrænt sjálfræði, ný jafnréttislög og breytingar á barnalögum hafa beint kastljósi hópsins.

Ísland er í 14. sæti á Regnbogakorti ILGA Europe og því er mikilvægt að kortleggja stöðu hinsegin fólks á Íslandi til að sjá hvar skóinn kreppir svo hægt sé að bregðast við. Því er lagt til að ráðist verði í vinnu við kortlagningu á stöðu hinsegin fólks og taki hún jafnt til barna og ungmenna, fullorðinna og eldra fólks innan hinsegin samfélagsins. Horft verði til löggjafar og stefnumótunar stjórnvalda, stöðu hinsegin barna og ungmenna í skólum, stöðu á vinnumarkaði, aðgengi að félagslegri þjónustu og þjónustu heilbrigðiskerfisins og almennt á félagslega stöðu og réttindi.

Ríkið sem atvinnurekandi þarf að tryggja að þekking á málefnum hinsegin fólks á vinnumarkaði sé til staðar hjá stjórnendum og þeim sem fara með mannaforráð hjá ríkinu. Innan hinsegin samfélagsins eru viðkvæmir hópar sem hafa átt erfitt uppdráttar á vinnumarkaði og í samfélaginu. Til að vinna gegn fordómum og vanþekkingu er brýnt að stjórnendur hjá ríkinu fái fræðslu um hinsegin málefni svo stjórnendahópurinn sé betur í stakk búinn að mæta hinsegin starfsfólki án fordóma og mismununar.

Bakslag hefur orðið um allan heim þegar kemur að réttindum hinsegin fólks og þar er trans- og intersex fólk í sérstaklega viðkvæmum hópi. Hatursorðræða og hatursglæpir hafa fengið meira vægi í



umræðunni á liðnum árum. Þá verður hinsegin fólk einnig fyrir margvíslegum fordómum og beinni og óbeinni mismunun í samfélaginu. Mikilvægt er að þekking sé til staðar hjá lögreglu um málefni hópsins svo tekið sé á verkefnum sem inn á borð hennar koma án fordóma og mismununar. Því er lagt til að útbúið verði fræðslufni fyrir lögreglu sem tekur sérstaklega mið af þörfum hinsegin fólks.

Á Íslandi taka nánast öll börn og ungmenni þátt í skipulögðu íþróttá, æskulýðs- og tómstundastarfi af einhverju tagi. Fjölbreytileiki í hópi barna er mikill og það þarf að koma til móts við öll börn á þeirra forsendum. Mikilvægt er að huga að stöðu hinsegin barna og ungmenna í íþróttá, æskulýðs- og tómstundastarfi og tryggja að umhverfið sé hvetjandi og jákvætt fyrir þennan hóp barna. Tryggja þarf fræðslu fyrir foreldra, þjálfara og aðra sem að íþróttá- æskulýðs- og tómstundastarfi koma. Mikilvægt er að íþróttá-, æskulýðs- og ungmennafélög og aðrir þeir aðilar sem bera ábyrgð á æskulýðs- og tómstundastarfi með börnum setji sér stefnu og hljóti fræðslu um hinsegin málefni og þátttöku hinsegin barna í íþróttastarfi. Með því má bæta þekkingu og raunverulegt aðgengi hinsegin barna að íþróttastarfi.

Skoða þarf sérstaklega líðan og stöðu hinsegin barna og ungmenna í skólum landsins en rannsóknir bæði hérlandis og erlendis sýna að hún er ekki nægilega góð. Samtökin 78 hafa tekið þátt í alþjóðlegri könnun fyrir Íslands hönd þar sem fram kemur að hinsegin nemendum á aldrinum 13-18 ára líður verr en öðrum ungmennum í grunn- og framhaldsskólum.<sup>1</sup> Hinsegin fræðsla fyrir börn og ungmenni og starfsfólk skóla er mikilvæg og fræðslan þarf einnig að vera samþætt við aðra þætti menntunar, s.s. kynfræðslu. Mikilvægt er að rýna í rannsóknir til að leita skýringa á vanlíðan og sjálfskaðandi hegðun meðal hinsegin barna og ungmenna og skoða hvort að áreitni og ofbeldi gagnvart hinsegin börnum og ungmennum er að aukast.

Í framkvæmdaáætluninni er gert ráð fyrir því að heimilisofbeldi sem hinsegin fólk verður fyrir verði skoðað, en lítið er vitað um heimilisofbeldi í hinsegin fjölskyldum. Yfirleitt er gert ráð fyrir því að heimilisofbeldi eigi sér stað í gagnkynja samböndum og eru karlmenn t.a.m. sjaldan sýnilegir sem brotaþolar. Þá má einnig nefna svokallað minnihlutahópaálag, en það að tilheyra minnihlutahópi er talið geta valdið auknu álagi á náin sambönd sem og líf þeirra sem tilheyra minnihlutahópum almennt og þar með möguleika þeirra til að sækja sér aðstoð og nærþjónustu almennt. Einnig er talað um ofbeldi og valdbeitingu sem snýr að hinseginleika hinsegin fólks, en það á við þegar sjálfsmynd (e. identity) viðkomandi er notuð til þess t.d. að lítillækka viðkomandi. Brýnt er að afla upplýsinga um stöðu þessara mála og kortleggja aðgerðaáætlun og næstu skref. Þá er mikilvægt að þeir aðilar og hópar sem vinna með brotaþolum og gerendum heimilisofbeldis fái upplýsingar og fræðslu um birtingamyndir ofbeldis í nánum samböndum hinsegin fólks. Mikilvægt er að nota víða skilgreiningu á heimilisofbeldi og taka sérstaklega tillit til hinsegin barna sem geta verið beitt heimilisofbeldi út frá stöðu sinni sem hinsegin í fjölskyldunni.

Samkvæmt Regnbogakorti ILGA Europe vantar nokkuð upp á að lagaákvæði á Íslandi um hatursorðræðu og hatursglæpi veiti fullnægjandi vernd fyrir hinsegin fólk. Á 151. löggjafarþingi lagði dómismálaráðherra fram frumvarp til laga til breytinga á almennum hegningarlögum nr.19/1940 þar sem meðal annars var lögð til sú útvíkkun á lagaákvæði um hatursorðræðu að vernd ákvæðisins nái

---

<sup>1</sup> Könnun á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi. Könnunin er byggð á GLSEN's National School Climate Survey og þýdd og staðfærð af Menntavísindasviði HÍ, GLSEN og Samtökunum 78. Slóð á könnunina: [https://k3r6k4a9.rocketcdn.me/wp-content/uploads/2020/08/Skolakonnun\\_GLSEN\\_FINAL.pdf](https://k3r6k4a9.rocketcdn.me/wp-content/uploads/2020/08/Skolakonnun_GLSEN_FINAL.pdf)

einnig til kynneinkenna en í núverandi lagaákvæði eru talin upp kynhneigð og kynvitund. Með breytingunni er fólki með ódæmigerð kynneinkenni tryggð sama vernd og öðrum viðkvæmum hópum. Með breytingu á ákvæði almennra hegningarlaga um refsihæð verður jafnframt tryggt að hatursglæpir leiði til refsipýngingar. Með þessum breytingum er komið til móts við þær athugasemdir sem bæði ILGA Europe og hagsmunasamtök hinsegin fólks á Íslandi hafa lagt fram.

Í umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu er hafin vinna við endurskoðun á reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og er þar meðal annars lögð til breyting sem tekur til aðgengis að kynhlutlausum salernum. Lagt er til að reglugerðir nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni verði jafnframt endurskoðaðar með það að markmiði að tryggt sé að tekið sé tillit til trans fólks í þeim ákvæðum reglugerðanna sem snúa að aðgengi að salernum og annarri aðstöðu á sund- og baðstöðum. Breytingar á reglugerðum um hollustuhætti sem taka mið af aðstæðum trans fólks eru til þess fallnar að styrkja rétt þess hóps til aðgengis að salernum og annarri aðstöðu. Í framhaldi af breytingum á ofangreindum reglugerðum mun starfshópur undir stjórn forsætisráðuneytis taka til skoðunar aðgengismál hinsegin fólks bæði í opinberum rýmum og á vinnustöðum en aðgengismál hafa lengi verið baráttumál í samfélagi hinsegin fólks. Sérstaklega verður horft til aðgengis trans fólks þar sem nokkuð vantar upp á að gert sé ráð fyrir öruggum rýmum fyrir þann hóp. Mikilvægt er að trans fólk, sem er jaðarsettur og viðkvæmur hópur, geti gengið að því vísu að vera öruggt á sínum vinnustað og í almannarýmum. Aðgengi að ókyngreindum salernum og kynhlutlausum klefum og sturtuáðstöðu t.d. í sundlaugum og íþróttamannvirkjum eru atriði sem trans fólk hefur lagt áherslu á. Mismunandi reglur gilda um aðgengismál eftir því hvort um vinnustaði eða opinber rými er að ræða. Hér lagt til að stofnaður verði starfshópur undir forystu forsætisráðuneytis sem hafi það hlutverk að gera úttekt á málaflöknum í heild sinni með það að markmiði að samræma reglur um aðgengi trans fólks á vinnustöðum og í almenningsrýmum, s.s. í sundlaugum og öðrum íþróttamannvirkjum.

Með lögum um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 var gerð sú breyting að einstaklingar frá 15 ára aldri geta breytt kynskráningu sinni og er hlutlaus kynskráning jafnframt heimil. Samkvæmt lögunum fengu aðilar sem skrásetja kyn 18 mánaða frest frá gildistöku laganna til að aðlagja skráningarform, eyðublöð og skilríki að ákvæði laganna um hlutlausa kynskráningu. Frá ársbyrjun 2021 hefur verið lagaskylda að gera ráð fyrir þremur möguleikum við skráningu kyns á eyðublöðum, skilríkjum og gagnasöfnum. Hér er lagt til að um leið og leitað verði eftir staðfestingu þess að skilyrði laganna um kynhlutlausa skráningu séu uppfyllt verði komið á samræmdu verklagi innan sveitarfélaga þegar kemur að skráningu kyngreindra upplýsinga hvort sem um rafræna skráningu eða skrásetningu á pappírformi er að ræða.

Hinsegin fólk þarf að eiga greiða leið að þjónustu í sínu nærumhverfi. Þjónusta og viðmót á að vera laust við fordóma og mismunun en bein og óbein mismunun og útilokun getur stafað af þekkingaskorti þeirra sem þjónustuna veita. Til að bæta stöðuna og draga úr fordómum og þekkingaskorti er mikilvægt að efla þekkingu kjörinna fulltrúa og starfsfólks sem sinnir þjónustu við almenning. Því er lagt til að boðið verði upp á fræðslu til starfsfólks og kjörinna fulltrúa sveitarfélaga á landinu öllu.

Samkvæmt erlendum rannsóknum eru til staðar margvíslegar hindranir þegar kemur að aðgengi hinsegin fólks að vinnumarkaði. Hinsegin fólk kemst síður í atvinnuviðtöl og ýmiskonar mismunun mætir hinsegin fólki á vinnustöðum. Af þessum sökum hefur hinsegin fólk sem er opið um kynhneigð

sína og/eða kynvitund í einkalífinu tilhneigingu til að vera inni í skápnum á vinnustað sínum.<sup>2</sup> Hér á landi hefur það færest í vöxt að í starfsauglýsingum sé vísað til allra kynja en ekki einungis karla og kvenna sem gefur til kynna ákveðna hugarfarsbreytingu meðal stjórnenda. Mörg fyrirtæki og stofnanir styðja einnig opinberlega við baráttu hinsegin fólks og leggja áherslu á fjölbreytileika í starfsmanna- og jafnréttisstefnum sínum. Hér er lagt til að gerð verði könnun á viðhorfi og þekkingu stjórnenda í atvinnulífinu á stöðu og aðgengi hinsegin fólks að vinnumarkaði. Markmið aðgerðarinnar er að vekja athygli á stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði og mikilvægi fjölbreytileika á vinnustöðum. Enn fremur er lagt til í framkvæmdaáætluninni að skoðað verði sérstaklega viðhorf í samfélaginu til hinsegin fólks innan sjávarútvegs og landbúnaðar og aðgengi og sýnileika hinsegin fólks í þessum hefðbundnu atvinnugreinum.

Aðgangur að góðri heilbrigðisþjónustu hefur ávallt verið forgangsmál í íslensku samfélagi. Mikilvægt er að tryggja góða heilbrigðisþjónustu fyrir hinsegin fólk og að viðmót og kerfi sem mætir hinsegin fólki innan heilbrigðiskerfisins séu fordómalaus og viðeigandi. Þarfir hinsegin fólks eru mismunandi og geta tengst stöðu þeirra sem hinsegin, þannig getur trans einstaklingur þurft á annarri þjónustu að halda en intersex eða samkynhneigður einstaklingur. Um leið sækir hinsegin fólk sér heilbrigðisþjónustu sem snertir ekki endilega stöðu þeirra sem hinsegin. Mikilvægt er að tryggja þjónustu við trans fólk sem byggir ávallt á nýjustu rannsóknum og vinnureglum á alþjóðavettvangi. Trans teymi BUGL og LSH sem skipuð eru samkvæmt lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði setji sér verklagsreglur sem uppfylla þessi skilyrði með það að markmiði að trans fólk fái viðeigandi og fordómalaus þjónustu.

Ísland hefur lengi talist standa framarlega þegar kemur að réttindum og félagslegri stöðu hinsegin fólks. Nefna má að í desember 2021 tilkynntu stjórnvöld um tvöföldun framlaga Íslands til *Hnattraena jafnréttissjóðsins* (Global Equality Fund) en sjóðurinn beinir stuðningi sínum sérstaklega að mannréttindum hinsegin fólks. Einnig styður Ísland við átaksverkefni innan Sameinuðu þjóðanna (UN Free and Equal) sem beinist að réttindum hinsegin fólks hvarvetna í heiminum. Bæði verkefnin eru mikilvæg til að auka vernd og réttindi hinsegin fólks hvarvetna. Íslensk stjórnvöld nýta hvert tækifæri til að vekja athygli, minnst á og bæta stöðu hinsegin fólks á alþjóðavettvangi. Íslensk stjórnvöld leggja nú þegar áherslu á jafnrétti kynjanna í utanríkisstefnu sinni og vekja athygli á málaflokknum þegar tækifæri gefst. Með sama hætti munu íslensk stjórnvöld leggja áherslu á réttindi hinsegin fólks í utanríkisstefnu sinni og nýta hvert tækifæri til að minna á réttindi hinsegin fólks á alþjóða vettvangi. Þá munu íslensk stjórnvöld beina sjónum að málefnum hinsegin fólks þegar staða mannréttinda hjá aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna er tekin fyrir.

---

<sup>2</sup> Sjá hér nýlega skýrslu Evrópuráðsins: Diversity in the workplace. A Sexual Orientation, Gender Identity or Expression and Sex Characteristics Approach: <https://rm.coe.int/diversity-in-the-workplace-a-sogiesc-approach/1680a477ce>

